

Fundur í stjórn FUM 4. október 2011

Mætt: Steinunn Helga Lárusdóttir, Brynja Dís, Rúnar, Sigurlína Davíðsdóttir og Gretar L. Marinósson

Steinunn Helga stýrði fundi og lagði fram dagskrá fundarins

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt án athugasemda
2. Ráðstefna FUM 25. febrúar 2012. Rætt um þema og yfirskrift ráðstefnunnar og niðurstaðan að nota eftirfarandi yfirskrift sem vinnuheiti: Skóli sem siðvætt samfélag: Menntarannsóknir og framkvæmd menntastefnu. Enn fremur var rætt um form ráðstefnunnar og Steinunn Helga viðraði þá hugmynd að byggja ráðstefnuna á smiðjum um ákveðin málefni sem kæmu sem viðbót við hið venjubundna formi kynninga á málstofum. Stjórnarmenn voru sammála um að það væri vænlegt. Steinunn Helga mun hafa sambandi við doktorsráð og félag doktorsnema um að doktorsnemar sjái um a.m.k. eina málstofu, til dæmis um málefni tengd aðferðafræði rannsókna. Enn fremur var rætt um að bjóða smiðjur eða málstofur á ensku að öllu leyti eða hluta og höfða þannig til erlendra nemenda og gesta frá systurfélögum FUM, t.d. í Skandinavíu og á Bretlandseyjum.
3. Samstarf við innlenda og erlenda aðila. Rætt var um að hafa samband við systurstamtök FUM. Þessi samtök eru: NERA á Norðurlöndunum, SERA í Skotlandi, BERA í Englandi, amerísku samtökin AERA og Evrópusamtökin EERA. Einkum var horft til Norrænu og skosku samtakanna og Steinunn Helga mun kanna hvaða tengsl einstaklinga á MVS eru við þau eru til staðar og hvernig best er að setja sig í samband við þau, meðal annars með það fyrir augum að höfða til þátttakenda frá þeim.
4. Önnur mál: Næsti fundur var ákveðinn 8. nóvember kl 15 og næsti fundur þar á eftir (með fyrirvara) 13. desember.

Fleira gerðist ekki.

Sigurlína og Rúnar rituðu fundargerð